

Fiskeldi Austfjarða hf.  
Nesbala 122  
170 Seltjarnarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 31. mars 2015  
UST201503-035/A.B.B.  
08.12.01

### Efni: Færsla starfsleyfis fyrir kvíaleldi við Háubakka í Seyðisfirði


Vísað er til umsóknar Fiskeldis Austfjarða hf. (kt. 520412-0930) og Pólstjörnunnar ehf. (kt. 691294-4719) frá 2. mars 2015, þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi, útg. 7. nóvember 2012, af heilbrigðisnefnd Austurlands fyrir allt að 200 tonna ársframleiðslu á laxi við Háubakka í Seyðisfirði frá Pólstjörmunni ehf. yfir til Fiskeldis Austfjarða hf.

Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þá hefur Umhverfisstofnun ákveðið að fallast á færslu starfsleyfisins, enda verði ekki önnur breyting á starfsemi skv. starfsleyfinu. Með þessu færast öll réttindi og allar skyldur varðandi starfsleyfið til Fiskeldis Austfjarða hf.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Fiskeldi Austfjarða hf., skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 1281/2003, eða kr. 26.000. Ákvörðunin tekur gildi við greiðslu gjaldsins.

  
Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

fyrir kvíaeldi við Háubakka í Seyðisfirði

Starfsleyfishafi: Pólstjarnan ehf.  
kt. 691294-4719

Staðsetning: Eldiskvíar skal staðsetja innan svæðis sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

65°16'.465 N ; 14°00'.181 V - 65°16'.421 N ; 14°00'.301 V

65°16'.965 N ; 13°58'.811 V - 65°16'.821 N ; 13°58'.733 V

Útgáfudagur leyfis 7. nóvember 2021 Gildir til 7. nóvember 2026

Um er að ræða leyfi fyrir eldi á allt að 200 tonnum á hverjum árlaga, í sjókváum staðsettum innan ofangreinds svæðis.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuþætti og mengunarvarnir, m.s.br. og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi og rekstri rekstur sem getur haft í för með sér mengun, m.s.br. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum laga og reglugerða sem um starfsemi kanna að gilda á hverjum tíma.

Einnig skal farið eftir stjórnreglugerðum starfsleyfisskiptum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

- Starfsleyfisskiptingarmál í sjó, fylgiskjal 1
- Almenn starfsleyfisskiptingarmál fyrir mengandi starfsemi. Auglýsing nr. 582/2000, fylgiskjal 2

Fyrirhugað breytingar á starfsemi eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eiginðskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækji um að leyfið færi yfir á nýjan höfn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Starfsleyfi þetta skal vera aðgengilegt og skylt er að framvísa því hvenær sem óþægð eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum ofangreindra laga, þar til forsvarsmáður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. heilbrigðisnefndar,

